




VINNUMÁLA
STOFNUN

Hópuppsagnir á árinu 2011

Janúar 2012


Frank Friðrik Friðriksson
Karl Sigurðsson

Alls bárust Vinnumálastofnun tilkynningar um uppsagnir 752 manns í 23 hópuppsögnum á árinu 2011. Á mynd 1 má sjá að flestar uppsagnirnar voru í mannvirkjagerð, eða 248 manns, þá upplýsingastarfsemi 102 og fjármálaþjónustu 100 manns.




Mynd 1. Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2011

Tæp 70% hópuppsagna á árinu 2011 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 9% á Vestfjörðum og 7% á Suðurnesjum, en færri í öðrum landshlutum eins og fram kemur á mynd 2.



Mynd 2. Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2011

Á mynd 3 má sjá að ríflega 500 þeirra uppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2011 hafa komið til framkvæmda á því ári, en um 240 munu koma til framkvæmda á árinu 2012, þar af 85 nú í janúar.



Mynd 3. Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru 2011 koma til framkvæmda


Í töflu 1 má sjá hvernir tilkynningarnar sem bárust á árinu 2011 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum. Engar tilkynningar um hópuppsagnir bárust í þremur mánuðum, júlí, ágúst og desember.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2011 bárust

	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Janúar	140	19%	2	9%
Febrúar	68	9%	3	13%
Mars	15	2%	1	4%
Apríl	73	10%	2	9%
Maí	81	11%	4	17%
Júní	123	16%	4	17%
Júlí	0	0%	0	0%
Ágúst	0	0%	0	0%
September	113	15%	3	13%
Október	67	9%	2	9%
Nóvember	72	10%	2	9%
Desember	0	0%	0	0%
Samtals	752	100%	23	100%


Alls komu 658 tilkynningar um hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2011, að stæstum hluta, eða um 500, úr tilkynningum sem bárust á árinu 2011, en um 150 uppsagnir úr tilkynningum sem bárust á árinu 2010.

Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnirnar komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2011.



Mynd 4. Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2011, úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2010 og á árinu 2011

Samtals hefur 8.357 manns verið sagt upp með hópuppsögnum á síðustu 4 árum. Á mynd 5 má sjá að stærstur hluti þeirra sem misst hafa vinnuna í hópuppsögnum misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo á næstu mánuðum þar á eftir. Ef horft er á einstök ár (litla myndin) misstu flestir vinnuna í hópuppsögnum árið 2009, eða 4.246 manns.



Mynd 5. Hópuppsagnir 2008-2011, hvenær uppsagnir tóku/taka gildi